

Summer Concerts 2015

SIGURJÓN ÓLAFSSON
MUSEUM

Sumartónleikar 2015



LISTASAFN SIGURJÓNS ÓLAFSSONAR



Sumartónleikar

ÞRIÐJUDAGINN 7. JÚLÍ KL. 20:30

Hildigunnur Einarsdóttir mezzósópran og **Gerrit Schuil** píanó.
Hafið. Tónverk tengd hafinu, m.a. ljóðaflokkurinn *Sea Pictures* eftir Edward Elgar og sönglög eftir Berlioz og Fauré.

ÞRIÐJUDAGINN 14. JÚLÍ KL. 20:30

Hlíf Sigurjónsdóttir fiðla og **Carl Philippe Gionet** píanó.

Þrjár sönötur fyrir fiðlu og píanó eftir Franz Schubert.
Sónata í D dúr D384,
Sónata í a moll D385 og
Sónata í g moll D408.



ÞRIÐJUDAGINN 21. JÚLÍ KL. 20:30

Pamela De Sensi flauta og **Júlíana Rún Indriðadóttir** píanó.
In kontra. Tónleikar helgaðir djúpum tónum flautunnar. Tónverk eftir Ziegler – Ortiz, Elínu Gunnlaugsdóttur, Steingrím Þórhallsson og Mike Mover. Einnig verða frumflutt verk eftir Oliver Kentish, Jónas Tómasson og Sigurð Sævarsson.

ÞRIÐJUDAGINN 28. JÚLÍ KL. 20:30

Ljóðafljóð. **Erla Dóra Vogler** mezzósópran og **Eva Þyri Hilmarsdóttir** píanó.

Sönglög og þjóðlagaútsetningar eftir Jórinni Viðar.

Jórunn Viðar er meðal dádustu núlifandi tónskálda þjóðarinnar og er markmið tónleikanna að kynna þann framúrskarandi

arf söngljóða sem hún hefur látið þjóðinni í té á starfsævi sinni sem tónskáld, en hún verður 97 ára í desember.



ÞRIÐJUDAGINN 4. ÁGÚST KL. 20:30

Alexandra Chernyshova sópran, **Ásgeir Páll Ágústsson** barítón, **Jónína Erna Arnardóttir** píanó og **Guðrún Ásmundsdóttir** sögumaður.

Og stríðið kom.... Sagnir og söngvar frá stríðinu. Í tilefni þess að 70 ár eru liðin frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar.

Meðal annars: *Áfram veginn*, *Katjusha*, *Lily Marlein*, *The White Cliffs of Dover* og *Tennessee Waltz*.

ÞRIÐJUDAGINN

11. ÁGÚST KL. 20:30

Ingibjörg Guðjónsdóttir sópran og **Sólveig Anna Jónsdóttir** píanó.

Breskt og amerískt! Seven Elizabethan Lyrics eftir Roger Quilter, *Three Songs* eftir William Walton og sönglög eftir Amy M.C. Beach, Leonard Bernstein, Ned Rorem og Ernest Charles.



Kaffistofa safnsins er opin eftir tónleikana.

Summer Concerts

TUESDAY JULY 7TH
AT 8:30 PM

Hildigunnur Einarisdóttir mezzo-soprano and **Gerrit Schuil** piano.

The Ocean – music connected to the ocean. Including *Sea Pictures* by Edward Elgar and songs by Berlioz and Fauré.



TUESDAY JULY 14TH AT
8:30 PM

Hlíf Sigurjónsdóttir violin and **Carl Philippe Gionet** piano.

Three Sonatas for violin and piano by Franz Schubert. *Sonata in D major* D384, *Sonata in a minor* D385 and *Sonata in g minor* D408.

TUESDAY JULY 21ST
AT 8:30 PM

Pamela De Sensi flute and **Júlíana Rún**

Indriðadóttir piano.

In kontra. Recital dedicated to the the low pitches of the flute. Compositions by Ziegler – Ortiz, Elín Gunnlaugsdóttir, Steingrímur Þórhallsson and Mike Mover. **Premiere** of works by Oliver Kentish, Jónas Tómasson and Sigurður Sævarsson.



TUESDAY JULY 28TH AT 8:30 PM

Erla Dóra Vogler mezzo-soprano and **Eva Pyri Hilmarsdóttir** piano. Classical songs and folk song arrangements by Jórunn Viðar, one of Iceland's pioneer composers.



TUESDAY AUGUST 4TH AT 8:30 PM

Alexandra Chernyshova soprano, **Ásgeir Páll Ágústsson** baritone, **Jónína Erna Arnardóttir** piano and **Guðrún Ásmundsdóttir** narrator. *Tunes and Tellings from the Great World War*.

Including *Katjusha*, *Johnny is the Boy for me*, *Lily Marlein* and *The White Cliffs of Dover*.

TUESDAY AUGUST 11TH AT 8:30 PM

Ingibjörg Guðjónsdóttir soprano and **Sólveig Anna Jónsdóttir** piano. *British and American*.

Seven Elizabethan Lyrics by Roger Quilter, *Three Songs* by William Walton and songs by Amy M.C. Beach, Leonard Bernstein, Ned Rorem and Ernest Charles.

The museum's café is open after the concerts.

Sumartónleikar

Hildigunnur Einarsdóttir mezzósópran lauk burtfararprófi frá Söngskólanum í Reykjavík 2010, undir handleiðslu Signýjar Sæmundsdóttur og Ólafar Kolbrúnar Harðardóttur. Hún sótti síðar einkatíma til Janet Williams í Berlín og Jóns Þorsteinssonar í Utrecht. Hún er mjög virk í kórastarfi, syngur með Barbörukórnum og hefur einnig komið fram með Schola Cantorum og kór Íslensku Óperunnar. Hildigunnur stjórnar, ásamt Lilju Dögg Gunnarsdóttur, Kvenna-kórnum Kötlu og einnig yngstu deild Stúlkna-kórs Reykjavíkur.



Hildigunnur kemur reglulega fram sem einsöngvari með kór-um og hljóðfæraleikurum og stundar auk þess nám í skapandi tónlistarmiðlun við Listaháskóla Íslands, en þar sækir hún söng-tíma til Hlínar Pétursdóttur Behrens og Selmu Guðmundsdóttur. Hildigunnur var tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem söngkona ársins 2014 fyrir flutning sinn á lögum Karls Ottós Runólfssonar, ásamt kammerhópnum Kúbus.

Píanóleikarinn og hljómsveitarstjórinn **Gerrit Schuil** fæddist í Hollandi og nam við Tónlistarháskólann í Rotterdam og síðar í London og París. Árið 1978 tók hann þátt í alþjóðlegu námskeiði fyrir hljómsveitarstjóra hjá rússneska hljómsveitarstjóranum Kirill Kondrashin og naut þess heiðurs að vera nemandi hans. Gerrit hefur leikið á tónleikum víða um Evrópu, Bandaríkin og Asíu og unnið með fjölda söngvara og hljóðfæraleikara. Hann hefur stjórnað mörgum evrópskum og amerískum hljómsveitum, á tónleikum, í óperuuppfærslum og fyrir útvarp.

Árið 1993 fluttist Gerrit til Íslands og hefur verið leiðandi í tónlistarlífi hérlandis, haldið fjölda tónleika, stjórnað Sinfóníu-hljómsveitum Íslands og Norðurlands, Kammersveit Reykjavíkur og uppfærslum Íslensku óperunnar. Gerrit hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin í flokknum Flytjandi ársins 2010.

Hlíf Sigurjónsdóttir er fædd í Kaupmannahöfn en ólst upp í Reykjavík. Hún nam fiðluleik hjá Birni Ólafssyni konsertmeistara við Tónlistarskólann í Reykjavík og fór síðar til framhaldsnáms við Háskólana í Indiana og Toronto og í Listaskólann í Banff í Kanada. Einnig nam hún hjá Gerald Beal fiðluleikara í New York borg. Á námsárum sínum kynntist hún og vann með mörgum merkustu tónlistarmönnum tuttugustu aldarinnar, þar á meðal William Primrose, Zoltan Szekely, György Sebök, Rucciero Ricci og Igor Oistrach.



Hlíf hefur haldið fjölda einleikstónleika og leikið með sinfóníuhljómsveitum og kammersveitum víða um Evrópu, í Bandaríkjunum og Kanada. Árið 2008 kom út tvöfaldur geisladiskur með leik hennar á öllum sönötum og partítum fyrir einleiksfiðlu eftir Johann Sebastian Bach og á liðnu ári kom út geisladiskurinn *DIALOGUS* með tónverkum fyrir einleiksfiðlu sem samin hafa verið sérstaklega fyrir hana. Hefur sá diskur hlotið mikið lof gagnrýnenda.

Carl Philippe Gionet píanóleikari er með doktorsgráðu í píanóleik frá Université de Montréal þar sem Paul Stewart, hinn

Summer Concerts

Hildigunnur Einarsdóttir mezzo-soprano, finished her ABSRM diploma at the Reykjavík Academy of Singing and Vocal Arts in 2010 under the guidance of Signý Sæmundsdóttir and Ólöf Kolbrún Harðardóttir. She studied in Berlin with Janet Williams and Kathryn Wright in 2008-2009, and has attended private classes with Jón Þorsteinsson in Utrecht. She has participated in various students' opera-projects, and also has performed with the Icelandic Opera Studio.

Hildigunnur has sung with a number of choirs in Iceland, including Schola Cantorum and the Choir of the Icelandic Opera. She was nominated as the Singer of the Year in 2014 by the Icelandic Music Award.

The Dutch born pianist and conductor **Gerrit Schuil** graduated from the Rotterdam Conservatory. He studied with John Lill and Gerald Moore in London, with Vlado Perlemuter in Paris, and also has studied with the Russian conductor, Kirill Kondrashin. He has given solo concerts throughout Europe, the USA and Asia, and performed with numerous singers and instrumentalists. In addition to having a very active conducting career for the Dutch Radio and at the National Opera, he has also conducted numerous other orchestras both in Europe and the USA.

Gerrit moved to Iceland in 1993, and soon became a leading figure in the music-scene of the country by conducting the Iceland Symphony Orchestra as well as the Icelandic Opera. He has also organized numerous festivals and concert-series, and recorded CDs with Iceland's best known singers and instrumentalists. In 2010 he was awarded the Icelandic Music Award as the Performer of the Year.



Hlíf Sigurjónsdóttir was born in Denmark and grew up in Iceland. Upon graduation from the Reykjavík College of Music, she furthered her violin studies at the Universities of Indiana and Toronto where her teachers were Franco Gulli and Lorand Fenyves, and the Banff School of Fine Arts. Later she took private lessons in New York from the renowned violinist and teacher Gerald Beal. She has been fortunate to work with many of the leading musicians of the twentieth century, including William Primrose, Janos Starker, Rucciero Ricci, Igor Oistrach, György Sebök and the members of the Hungarian quartet.

Hlíf has given numerous concerts both as a soloist and with various ensembles and orchestras. A critically acclaimed 2-CD set of her playing the Sonatas and Partitas for solo violin by J.S. Bach was released in 2008. Her most recent disk, *DIALOGUS*, with solo violin works, all of which were written for her, has also been highly praised, e.g. by Voix des Arts and Gapplegate Classical-Modern Music Review.

Whether as a soloist or an accompanist, the Canadian pianist **Carl Philippe Gionet** is a much sought after pianist and works with numerous performers in North America, Europe



Sumartónleikar

kunni píanisti frá Nova Scotia, var aðalkennari hans. Hann hefur fengið tilsögn í meðleik hjá Roger Vignoles, David Lutz, Carolyn Hague og Susan Manoff og sótt námskeið í Académie de Villecroze hjá Dalton Baldwin, Heidelberg Lied Akademie með Thomas Hampson, the Crear Scholars með Malcolm Martineau, Schubert Stichting í Amsterdam og hjá Franz-Schubert-Institut. Auk þess hefur hann spilað á námskeiðum hjá Martin Isepp, Elly Ameling, Rinaldo Alessandrini, Wolfram Rieger, Julius Drake, Rudolf Jansen og Ivry Gitlis.

Carl hefur hlotið margar styrki, þar á meðal frá Sylva Gelber Music Foundation, frá Canada Council for the Arts, Foundation des Jeunesses Musicales du Canada, the New Brunswick Arts Council, Université de Moncton og Université de Montréal. Hann hefur komið fram á tónleikum í Norður Ameríku, Evrópu og Mið-Austurlöndum.

Pamela De Sensi lauk einleikarprófi á flautu frá *Conservatorio di Musica L. Perosi* undir handleiðslu Matthias Ziegler í Campobasso á Ítalíu og tók meistaraþróf í kammertónlist frá *Conservatorio di Musica S. Cecilia* í Róm árið 2003. Hún hefur einnig sótt tíma hjá kunnum flautuleikurum á borð við C. Klemm, M. Ziegler, F. Reengli, T. Wye og M. Larrieu. Pamela hefur tekið þátt í mörgum keppnum sem einleikari og ætíð vermt efstu sætin. Hún hefur leikið á fjölmörgum tónleikum, bæði sem einleikari og í kammertónlist, á Ítalíu – heimalandi sínu – og víða í vestur Evrópu, Rússlandi, Bandaríkjunum og Mexíkó.



Pamela flutti til Íslands 2008 og hefur síðan tekið afar virkan þátt í íslensku tónlistarlífi sem kennari og flautuleikari. Hún er meðal annars stofnandi tónleikaraðarinnar *Töfraburð* fyrir börn, hefur samið tónlistarævintýri og tekið þátt í útgáfu bóka um tónlist fyrir börn.

Júlíana Rún Indriðadóttir lauk burtfararprófi frá Tónskóla Sigursveins árið 1989 þar sem aðalkennari hennar var Brynja Guttormsdóttir. Hún stundaði síðan píanónám hjá Georg Sava í Berlín og Jeremy Denk og Edward Auer við háskólann í Bloomington í Indiana þaðan sem hún lauk meistaraþráðu í píanóleik árið 1998. Hún hlaut TónVakaverðlaun ríkisútvarpsins árið 1995.

Júlíana hefur komið fram á tónleikum sem einleikari, meðleikari og kórstjóri á Íslandi sem og í Þýskalandi. Hún hefur starfað sem tónlistarkennari og meðleikari við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar frá árinu 1998.

Erla Dóra Vogler ólst upp á Egilsstöðum og hóf þar sitt söngnám. Hún útskrifaðist frá Tónlistarskólanum í Reykjavík, undir handleiðslu Þórunnar Guðmundsdóttur, vorið 2007 og hlaut inngöngu í óperudeild Tónlistarháskólans í Vín þá um haustið. Meðal kennara hennar þar voru prófessorarnir Orłowsky, Theimer og Bernhard Adler. Að loknu námi við óperudeildina nam hún eitt ár við ljóða- og óratoríudeild háskólans hjá Marjana Burgstaller-Lipovšek.

Summer Concerts

and the Middle East. He received his training in piano accompaniment with Roger Vignoles, David Lutz, Carolyn Hague and Susan Manoff, and has participated in the Académie de Villecroze with Dalton Baldwin, the Heidelberg Lied Akademie with Thomas Hampson, the Crear Scholars with Malcolm Martineau, the Schubert Stichting in Amsterdam and the Franz-Schubert-Institut. He also played in master classes of, among others, Martin Isepp, Elly Ameling, Rinaldo Alesandrini, Wolfram Rieger, Julius Drake, Rudolf Jansen and Ivry Gitlis. Carl is an award recipient of the prestigious Sylva Gelber Music Foundation and of numerous scholarships and grants. Carl Philippe Gionet received his Doctorate in Piano Performance at the Université de Montréal under the direction of the renowned Nova Scotian pianist, Paul Stewart.

Born in Italy, flutist **Pamela De Sensi** studied at the *Conservatorio di Musica L. Perosi* in Campobasso and *Conservatorio di Musica S. Cecilia* in Rome, where she completed her master's degree in chamber music in 2003. She has participated in many festivals and music competitions, performed as a soloist and with chamber ensembles in her home country, as well as in Mexico, Kazakstan, France, Spain, United States, Finland, Faroe Islands and Iceland.

Pamela's passion for music and musical education continued when she settled in Iceland in 2008 and, besides performing and teaching, she is involved in organizing various musical events. She is the founder of the musical series *Töfraburð* (Magic door) for children, with numerous events in Reykjavík, and the yearly summer festival for children in Kópavogur, *Dark Days*. She is the author of books aimed at introducing classical music to children.

Júlíana Rún Indriðadóttir graduated from the Sigursveinn D. Kristinsson Music School in 1989 where she studied the piano with Brynja Guttormsdóttir. She continued her piano studies with Georg Sava in Berlin and Jeremy Denk and Edward Auer at Indiana University, Bloomington where she completed her master's degree in piano performance in 1998. She received the *TónVakinn*, music prize of the Icelandic National Broadcasting Service, in 1995.



Júlíana has appeared as a soloist, accompanist and choir master in Iceland and Germany. She works as a music teacher and an accompanist at the Sigursveinn D. Kristinsson Music School in Reykjavík.

Mezzo-soprano, **Erla Dóra Vogler**, grew up in East Iceland where she started her music studies. She graduated from the Reykjavík College of Music in 2007, where Þórunn Guðmundsdóttir was her teacher, and was subsequently admitted to the Opera Department of the Conservatory of Music in Vienna. Among her teachers there were professor Orłowsky, Theimer and Bernhard Adler. After graduation, she furthered her stud-

Sumartónleikar

Síðan Erla lauk námi hefur hún komið fram bæði sem klassísk söngkona og dægurlagasöngkona, og sem áhugaleikari. Hún hefur sungið einsöng á fjölmörgum tónleikum, með hljómsveit, einleikshljóðfærum og kammersveitum á Íslandi og í Austurríki – jafnt í Salnum í Kópavogi, Bláu kirkjunni á Seyðisfirði og í Musikverein í Vínarborg. Einnig hefur hún tekið þátt í söngleikjum og leikritum. Á árunum 2008–11 var hún styrkþegi sjóðs Yehudi Menuhin – *Live Music Now* – og árið 2010 hlaut hún austurrískan styrk til að gefa út geisladiskinn *Víravirki* sem kom út sama ár. Erla tók við starfi Ferða- og menningarmálafulltrúa Djúpvagshrepps í febrúar 2015.



Að loknu píanókennara- og burtfararprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík nam **Eva Þyri Hilmarsdóttir** hjá John Damgaard við Tónlistarháskólann í Árósum og lauk þar diploma og einleikarprófi. Hún stundaði MA nám í meðleik við Royal Academy of Music í London og útskrifaðist með hæstu einkunn og hlaut verðlaun fyrir framúrskarandi lokatónleika. Aðalkennari hennar þar var Michael Dussek. Eva Þyri hefur haldið fjölda einleikstónleika, tekið þátt í meistaranámskeiðum og leikið á tónlistarhátíðum, t.d. í Berlín og London. Hún leggur áherslu á kammertónlist og ljóðasöng, tók t.d. þátt í *Song Circle* í Royal Academy of Music í London og hefur verið meðleikari í *North Sea Vocal Academy* í Danmörku.

Hérlandis hefur hún meðal annars haldið einleikstónleika, tekið þátt í frumflutningi sönglaga Áskels Mássonar og Atla Heimis Sveinssonar og nú síðast *The Melancholy Stream* eftir Oliver Kentish. Eva Þyri starfar einnig sem píanókennari og meðleikari við Tónlistarskóla Kópavogs.

Alexandra Chernyshova er fædd í Úkraínu, nam við tónlistarháskólann í Kiev og lauk söng- og kennaraprófi í óperusöng 2003 frá tónlistarháskólanum í Odessa. Hún lauk meistaranámi í menningarstjórnun frá háskólanum Kiev árið 2011 og M.Mus. gráðu frá Listaháskóla Íslands tveimur árum síðar. Einnig hefur hún kennsluréttindi í ensku, spænsku og bókmenntum frá háskólanum í Kiev. Alexandra hefur sungið í öllum helstu óperuhúsum Úkraínu, útvarpi og sjónvarpi og á alþjóðlegum sönghátíðum í Úkraínu, Þýskalandi, Moldóvíu, Ítalíu, Litháen, Eistlandi og á Íslandi.



Alexandra flutti til Skagafjarðar 2003 og stofnaði þar söngskóla og stúlknakór og starfrækti óperu. Hún tók þátt í söngkeppni árið 2013 í New York og var valin úr 400 þátttakendum til að syngja á Alþjóða nútíma óperuhátíðinni í New York. Á liðnu ári söng hún hlutverk Ragnheiðar í konsertuppfærslu á óperu hennar og Guðrúnar Ásmundsdóttur *Skáldið og biskupsdóttirin* í Hallgrímskirkju í Saurbæ. Sama ár hlaut hún viðurkenningu frá forseta Íslands fyrir störf og afrek á sviði menningar.

Summer Concerts

ies at the Department of Lieder and Oratorio with Marjana Burgstaller-Lipovšek.

Erla's repertoire spans both classical and lighter music. She has performed in numerous solo concerts, with orchestras, solo instruments and chamber orchestras, both in Iceland and Austria. As a skilled actress she has participated in musicals and plays. From 2008 to 2011 Erla was part of the Live Music Now program of Lord Yehudi Menuhin in Vienna, and in 2010 she received a grant from an Austrian institution to record the CD *Víravirki*. Erla is the Representative of Tourism and Culture in Djúpivogur, East Iceland.

Eva Þyri Hilmarsdóttir graduated from the Reykjavík College of Music and furthered her studies in Denmark, with prof. John Damgaard at the Royal Academy of Music in Aarhus, receiving an Advanced Soloist Diploma. She studied with Michael Dussek at the Royal Academy of Music in London and graduated from the MA Piano Accompaniment Course with Distinction and was awarded a DipRAM and the Christian Carpenter Piano Prize for an outstanding final recital.



Eva Þyri gives solo recitals, performs with various orchestras and ensembles, and has premiered numerous works by Icelandic and Scandinavian composers, e.g. in festivals such as *Ung Nordisk Musik*, *Young Euro Classic Festival* in Berlin and *Young Composers' Symposium* in London. She has performed in the Royal Academy of Music's *Song Circle* and has been involved in the *North Sea Vocal Academy* in Denmark. She teaches the piano and is very active in her two main field of interests, chamber music and lieder.

Alexandra Chernyshova was born in Ukraine and studied at the University of Kiev and the Music Academy in Odessa where she received her degree in 2003 as an opera singer and teacher. She holds a master's degree in cultural management, as well as a diploma in teaching English, Spanish and literature from the University of Kiev and also M.Mus. degree from the Iceland Academy of the Arts. She has performed in all major opera houses in Ukraine, on the radio and television and participated in international song festivals in Ukraine, Germany, Moldova, Italy, Lithuania, Estonia and Iceland.

After moving to North Iceland in 2003, she founded a singing school, girl's choir and an Opera House. In 2013 she was selected from 400 participants to sing in the Contemporary Opera Center in New York. Last year she sang the leading role in her opera *The Poet and the Bishop's Daughter* – with lyrics by Guðrún Ásmundsdóttir – in a concert performance at the Saurbær Church of Hallgrímur Pétursson. The same year she received an award from the president of Iceland for outstanding achievement in music.

Sumartónleikar

Ásgeir Páll Ágústsson lauk burtfararprófi frá Söngskólanum í Reykjavík vorið 2006. Aðalkennarar hans þar voru Guðmundur Jónsson og Bergþór Pálsson. Í kjölfarið stundaði hann framhaldsnám við Mozarteum í Salzburg undir leiðsögn Martha Sharp og starfaði síðan um skeið í Þýskalandi. Á meðal hlutverka sem hann hefur sungið eru *Almaviva greifi* í Brúðkaupi Fígarós, *Papageno* í Töfraflautunni, *Gianni Schicchi* í samnefndri óperu, *Antonio/Taddeo* í Pagliacci og *Figaro* í Rakaranum frá Sevilla. Hann hefur einnig sungið í tónleikauppfærslum á Íslandi, Austurríki og Þýskalandi, til dæmis í Carmina Burana, í óratoríunum Messías, Fauré Requiem, Mattheusarpassiunni og Jóhannesarpassiunni.



Ásgeir býr nú á Íslandi og starfar sem söngvari, söngkennari og útvarpsmaður, en er jafnframt mjög virkur á óperu- og söngleikjasviðinu í Þýskalandi.

Jónína Erna Arnardóttir píanóleikari hlaut grunnmenntun sína í píanóleik við Tónlistarskóla Borgarfjarðar og nam við Tónlistarskólann í Reykjavík þaðan sem hún útskrifaðist með burtfarar- og kennarapróf árið 1990. Aðalkennari hennar var Anna Þorgrímsdóttir. Hún stundaði framhaldsnám við Tónlistarháskólann í Bergen frá 1991–95 og lauk þaðan lokaþrófi í píanóleik og kammertónlist með söng sem aukafag. Aðalkennari hennar þar var Jiri Hlinka. Jónína hefur leikið á tónleikum með fjölda kóra, einsöngvara og hljóðfæraleikara hérlandis og erlendis. Hún stjórnar kór og er listrænn stjórnandi *IsNord* tónlistarhátíðarinnar í Borgarnesi. Norræna tríóið *Trio Danois*, sem hún leikur með, flutti norræna dagskrá á fjórtán tónleikum í sjö löndum á liðnu ári.

Jónína starfar nú sem kennari og deildarstjóri við Tónlistarskóla Borgarfjarðar, er meðleikari við fiðlu- og söngdeild skólans og organisti og kórstjóri í Stafholtssókn.

Guðrún Ásmundsdóttir lærði leiklist í Leiklistarskóla Lárusar Pálssonar, Þjóðleikhússkólanum og Central School of Speech Training and Dramatic Art í London.

Guðrún hefur verið fastráðinn leikari hjá Leikfélagi Reykjavíkur frá 1964, og einnig starfað þar sem leikstjóri. Hún hefur skrifað mörg leikrit, þekktast þeirra er trúlega *Kaj Munk*, en fyrir það verk veittu Danir henni Kaj Munk verðlaunin sem veitt eru þeim sem skrifað hafa og unnið til eflingar friðar í heiminum. Hún hefur leikstýrt óperum hjá Óperu Skagafjarðar og árið 2014 samdi hún handrit að óperunni *Skáldið og biskupsdóttirin* við tónlist Alexöndru Chernyshova, sem flutt var í Hallgrímskirkju í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd.

Ingibjörg Guðjónsdóttir nam söng hjá Snæbjörgu Snæbjarnardóttur við Tónlistarskóla Garðabæjar og stundaði framhaldsnám við Háskólann í Bloomington í Indiana hjá Virginia Zeani. Hún hefur einnig numið hjá Kerstin Buhl-Möller og hinni þekktu sópransöngkonu Ileana Cotrubas. Ingibjörg hefur haldið fjölda einsöngstónleika, tekið þátt í tónlistarhátíðum, óperum og

Summer Concerts

Ásgeir Páll Ágústsson baritone has been performing as a professional opera-, musical-, and concert singer since 2007. His repertoire includes the roles of *Graf Almaviva* (Die Hochzeit des Figaro), *Papageno* (Die Zauberflöte), *Gianni Schicchi* (Gianni Schicchi), *Falke* (Die Fledermaus), *Plunkett* (Martha), *Antonio/Taddeo* (Pagliacci) and *Figaro* (Der Barbier von Sevilla). He has also taken part in concert performances such as: Messiah, Johannes-Passion, Matthäus-Passion, Carmina Burana, Mozart's Requiem and Fauré Requiem.

Ásgeir studied singing at the Reykjavík Academy of Singing and Vocal Arts and the Mozarteum in Salzburg with prof. Martha Sharp. Currently he makes his living as a singer, radio moderator, a manager and vocal teacher in Iceland but is still very active in the opera and the musical scene in Germany.

Jónína Erna Arnardóttir studied the piano in Iceland and graduated as pianist and piano teacher from the Reykjavík College of Music in 1990. She furthered her studies with professor Jiri Hlinka at the Bergen Music Conservatory in Norway where she majored in accompaniment and chamber music, and took classical singing as her minor subject.



Jónína is very much sought after as an accompanist, appearing in concerts with choirs, singers and other musicians. She is the artistic director of music festival *IsNord* in Borgarnes and last year her trio, *Trio Danois*, gave fourteen concerts with Scandinavian music in seven countries. Jónína also conducts choirs and is the organist of the Church of Stafholt in Borgarfjörður. She teaches the piano and is the head of the piano department at the Borgarfjörður Music School.

Actress **Guðrún Ásmundsdóttir** studied at the Lárus Pálsson School of Drama, the Icelandic National Theatre Drama School and the Central School of Speech Training and Dramatic Art Hall in London. She has worked as an actor and director at the Reykjavík City Theatre since 1964. She has written a number of plays, and for her play *Kaj Munk* she received the prestigious Danish Kaj Munk Award, given to people who have written and worked to promote peace in the world.



Guðrún has directed several operas at Ópera Skagafjarðar and in 2014 she wrote the script of the opera *the Poet and the Bishop's Daughter* to Alexandra Chernyshova's music, which was performed at the historical site, Hallgrímskirkja í Saurbæ, in Hvalfjörður, West Iceland.

Ingibjörg Guðjónsdóttir began her music studies at the Garðabær School of Music and furthered her studies at Indiana University in Bloomington where she worked with Virginia Zeani. She has also studied with Kerstin Buhl-Möller and the well-known Romanian soprano Ileana Cotrubas. Besides Ingibjörg's solo career in Iceland and Denmark, she has given

Sumartónleikar

sungið einsöng með sinfóníuhljómsveitum, kammersveitum og kórum. Undanfarin ár hefur hún mikið flutt samtímatónlist og frumflutt fjölda verka íslenskra tónskálda.

Ingibjörg hefur gefið út tvær geislaplötur; *Óperuaríur* með Sinfóníuhljómsveit Íslands og *Ó Ó Ingibjörg* þar sem hún syngur íslensk sönglög í frumlegum búningi með bræðrum sínum, djasstónlistarmönnum Óskari og Ómari. Ingibjörg er söngkennari við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar, stjórnar Kvinnakór Garðabæjar og er listrænn stjórnandi tónleikaraðarinnar Þriðjudagsklassík í Garðabæ.

Sólveig Anna Jónsdóttir er fædd á Akureyri. Hún hóf píanónám hjá Ragnari H. Ragnar á Ísafirði en nam einnig við Tónlistarskólana á Akureyri og í Reykjavík og framhaldsnám stundaði hún hjá Nancy Weems við háskólann í Houston í Texas. Sólveig Anna hefur lengst af haft píanókennslu og meðleik með nemendum að aðalstarfi, en gegnir nú stöðu aðstoðarskólustjóra Tónlistarskóla Garðabæjar.

Meðfram kennslu hefur Sólveig Anna tekið virkan þátt í tónlistarlífinu, haldið fjölda tónleika hérlandis og erlendis sem meðleikari einsöngvara og kóra, leikið kammertónlist af ýmsu tagi og tekið þátt í flutningi verka með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Íslensku Óperunni og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Hún hefur verið undirleikari Kvinnakórs Garðabæjar síðan haustið 2007.

Sýning

í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar á Laugarnesi

SAMSPIL / INTERPLAY

Varpað er nýju ljósi á tengsl danska arkitektsins Finns Juhl (1912–1989) og Sigurjóns Ólafssonar (1908–1982) á árunum 1940 til 1945. Þeir voru báðir brautryðjendur, hvor á sínu sviði, og fóru ótroðnar slóðir í tilraunum sínum með form og efni. Á sýningunni eru meðal annars húsgögn, sem Finn Juhl sýndi á Snedkerlaugets Møbeludstilling í Kaupmannahöfn 1940 og 1941, stóllinn Pelikanen og sófinn Poeten, ásamt höggmyndum eftir Sigurjón sem Finn Juhl valdi í samleik við húsgögn sín.

A new light is shed on the relationship between the Danish architect Finn Juhl (1912–1989) and Sigurjón Ólafsson (1908–1982) in the years from 1940 to 1945. Both of them were pioneers, each in his field, and both went unexplored paths in their experiments with form and material. The exhibition includes furniture that Finn Juhl exhibited at the Snedkerlaugets Møbeludstilling in Copenhagen in 1940 and 1941, the chair Pelikanen and the sofa Poeten, along with sculptures by Sigurjón which Finn Juhl chose to interplay with his furniture.

Opið alla daga
nema mánudaga 14–17

Summer Concerts

recitals and performed as a soloist with symphony orchestras and choirs elsewhere in Europe. In her collaboration with the Icelandic ensemble CAPUT, she has premiered many Icelandic contemporary works.

Ingibjörg has released two CDs; *Opera Arias*, with the Iceland Symphony Orchestra, and *Ó Ó Ingibjörg*, where she sings Icelandic songs with her brothers, saxophone player Óskar and guitarist Ómar. Ingibjörg currently teaches singing at Hafnarfjörður School of Music and conducts the Garðabær Women's Choir which she established in 2000.



Sólveig Anna Jónsdóttir studied the piano at the Music Schools of Ísafjörður and Akureyri, the Reykjavík College of Music and the University of Houston in Texas.

Among her teachers were Ragnar H. Ragnar, Philip Jenkins, Halldór Haraldsson and Nancy Weems. Sólveig Anna has an extensive experience as a piano teacher and an accompanist, and is currently the assistant principal of the Garðabær Music School. Sólveig Anna has worked with solo singers and choirs, soloists and chamber orchestras and performed in Iceland and abroad.



Exhibition

in Sigurjón Ólafsson Museum at Laugarnes

Finn Juhl & Sigurjón Ólafsson



ljósm/photo Spessi

Hugarflug milli höggmyndar og hönnunar
Thinking across Sculpture and Design

Open daily
except Mondays 2–5 pm

Sýningar í Listasafni Íslands að Fríkirkjuvegi 7. Opið alla daga nema mánudaga 10–17

SAGA – ÞEGAR MYNDIR TALA

Á sýningunni má sjá valin verk fjölmargra samtíma-myndlistarmanna, flestra innlendra, er endurspegla frásagnarþáttinn í íslenskri sjónmenningu. Verkin eru valin af sýningarstjórunum, Halldóri Birni Runólfssyni og Norbert Weber, og endurspeglar valið þá sýn á íslenska menningu sem hið glögga gestsauga getur veitt. Varpað er ljósi á menningu þjóðar, frá innstu hugarfylgsnum til pólitískra átaka. Öflug fræðsludagskrá hefur verið sett saman ætluð íslenskum og erlendum safngestum.

PABLO PICASSO Í SAFNEIGN LISTASAFNS ÍSLANDS: JACQUELINE MEÐ GULAN BORÐA (1962)

Listasafn Íslands býður gestum að sjá verk Pablo Picasso, eins þekktasta listamanns 20. aldar, og veitt er innsýn í list meistarans spænka og sögu verksins.



Pablo Picasso: Jacqueline au ruban jaune (1962)

FRÁ SVEITUNGUM TIL SJÁLFSKOTA

Í safneign Listasafns Íslands eru skráðar nær 1000 mannamyndir eftir íslenska og erlenda listamenn, allt frá fyrri öldum til dagsins í dag. Á sýningunni má sjá valin portrett úr safneigninni sem sýna breiddina í þessu sígilda viðfangsefni listamanna.

VASULKA STOFA

MÍÐSTÖÐ RAF- OG STAFRÆNNAR LISTAR Á ÍSLANDI

Safn Ásgríms Jónssonar, Bergstaðastræti 74. Opið sun., þri. og fim. 14–17

Í BIRTU DAGANNA

Málverk og teikningar Ásgríms Jónssonar.

**Exhibitions in the National Gallery of Iceland
– Main building
Open daily, except Mon, 10am – 5pm**



Helgi Þorgils Friðjónsson: Blá tónlist / Blue Music (2005–2006)

SAGA – NARRATIVE ART

This exhibition displays a number of works by Icelandic contemporary artists, most of them Icelandic, that reflect the narrative part of Icelandic visual art. The works are selected by the curators of the exhibition, H.B. Runólfsson and N. Weber. The choices reflect the vision on Icelandic culture that the visitor's keen eye can provide. The exhibition sheds light on the culture of a nation, from the depth of the mind to political conflict.

JACQUELINE WITH A YELLOW RIBBON – JACQUELINE AU RUBAN JAUNE (1962)

The National Gallery invites visitors to experience the work of Pablo Picasso, while getting acquainted with the art of the Spanish master and the history of the work.

FROM THE RUSTIC TO THE SELFIE

Almost 1000 portraits are listed in the collection of the National Gallery of Iceland. This exhibition features a selection from this collection, showing the breadth of this classical subject.

VASULKA CHAMBER

CENTER OF ELECTRONIC AND DIGITAL ART IN ICELAND

**Ásgrímur Jónsson Collection,
Bergstaðastræti 74.
Open Sun, Tue & Thu 2–5 pm**

IN THE LIGHT OF THE DAYS

Paintings and drawings by Ásgrímur Jónsson.

SIGURJÓN ÓLAFSSON MUSEUM

LAUGARNESTANGI 70,
IS-105 REYKJAVÍK, ICELAND
TEL: (+354) 553-2906
WWW.LSO.IS
LSO@LSO.IS




Educated in Denmark, sculptor Sigurjón Ólafsson (1908–1982) was one of the pioneers of modernistic art in Iceland. He also developed the realistic style that characterizes his portrait busts and statues. He has been named one of his century's most important portrait sculptors.

The Sigurjón Ólafsson Museum was founded in 1984 by the artist's widow, Birgitta Spur. She had his studio converted to a museum building, which was opened for public in 1988. In 2012 she donated the museum, including a large collection of Sigurjón Ólafsson's sculptures, to the National Gallery of Iceland. The museum is situated by the seafront on the historical Laugarnes peninsula, a 30 minutes easy walk along the shore from Reykjavík city centre. The cafeteria, with a beautiful view over the ocean, is open during museum hours and after the summer concerts.

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar hýsir höggmyndir og teikningar eftir Sigurjón Ólafsson myndhöggvara ásamt heimildum um listamanninn og er miðstöð rannsókna á list hans. Safnið var stofnað af ekkju listamannsins, Birgittu Spur, og rekið sem sjálfseignarstofnun til 2012 að hún afhenti það Listasafni Íslands. Nú er það rekið sem deild innan þess.

HOW TO GET THERE



Hönnun: Margrét Rósa
Prentun: Prentmet